

A 1864/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um norræna bankaþjónustu á rauntíma

### Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að gera grein fyrir viðræðum um P27-verkefnið og um það sem gert er til undirbúnings þess og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs 2021

### Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna í Norðurlandaráði leggur til að Norðurlandaráð samþykki „að fara fram á greinargerð frá ríkisstjórnnum Norðurlanda varðandi viðræður um P27-verkefnið og um það sem gert er til undirbúnings þess og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna“.

Forsenda tillögunnar er að skilvirk og örugg greiðsluþjónusta á rauntíma yfir landamæri Norðurlanda muni einfalda daglegt líf bæði íbúa og atvinnulífsins.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hefur haft til umfjöllunar greiðslukerfið P27, sem sumir stærstu banka Norðurlanda standa að baki, og lýst yfir stuðningi við að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að þróun og framkvæmd þess.

### Álit nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin telur að greinargerð um vinnu að þróun P27 og annarrar hugsanlegrar greiðsluþjónustu á rauntíma milli Norðurlandanna, muni vekja athygli og efla starf að þróun öruggrar og skilvirkrar greiðsluþjónustu á rauntíma sem starfi þvert á landamæri norrænu ríkjanna. Heppilegur tími fyrir greinargerðina gæti verið þing Norðurlandaráðs haustið 2021. Ef það á að nást þarf að samþykkja tillögu þar að lútandi á þingfundi í tengslum við sumarfundina 2021.



Norðurlöndum, 13. apríl 2021

*Anders Eriksson (ÅF)*  
*Eveliina Heinäluoma (sd)*  
*Freddy André Øvstegård (SV)*  
*Helge André Njåstad (FrP)*  
*Joakim Strand (sv)*  
*Juhana Vartiainen (saml)*  
*Lorena Delgado Varas (V)*  
*Lulu Ranne (saf)*

*Mette Hjermand Dencker (DF)*  
*Orla Hav (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Sofia Westergren (M)*  
*Stein Erik Lauvås (A)*  
*Torhild Bransdal (KrF)*